

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 61/2008

frá 6. júní 2008

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og
vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 46/2008 frá 25. apríl 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/62/EB frá 4. október 2007 um breytingu á tilteknum viðaukum við tilskipanir ráðsins 86/362/EBE og 90/642/EBE að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir bifenasat, petoxamíð, pýrimetaníl og rímsúlfúrón ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/73/EB frá 13. desember 2007 um breytingu á tilteknum viðaukum við tilskipanir ráðsins 86/362/EBE og 90/642/EBE að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir asetamípríð, atrasín, deltametrín, ímasalíl, indoxakarb, pendímetalín, pýmetrósín, pýraklóstróbín, þíaklópríð og tríflóxystróbín ⁽³⁾.
- 4) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

1. Eftirfarandi undirliðir bætist við í 38. lið (tilskipun ráðsins 86/362/EBE) og 54. lið (tilskipun ráðsins 90/642/EBE) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:
„– **32007 L 0062**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/62/EB frá 4. október 2007 (Stjtið. ESB L 260, 5.10.2007, bls. 4),
– **32007 L 0073**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/73/EB frá 13. desember 2007 (Stjtið. ESB L 329, 14.12.2007, bls. 40).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2007/62/EB og 2007/73/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 223, 21.8.2008, bls. 40, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 52, 21.8.2008, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 260, 5.10.2007, bls. 4.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 329, 14.12.2007, bls. 40.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. júní 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. júní 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.